

Nd.

65. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef hreppstjóri er hlutaðeigandi í hinu friðaða landi, skipar sýslumaður annan í hans stað til þess að framfylgja lögnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að lögin um sandgræðslu og heftingu sandfoks gera ráð fyrir því, að hreppstjórar hafi ávallt eftirlit með sandgræðslugirðingunum. Það þykir óviðfelldið, að hreppstjóri dæmi um fullgildi girðingar, þegar hann er hlutaðeigandi í hinu friðaða landi. Frumvarp þetta fer fram á það, að sýslumaður skipi, þegar svo stendur á, annan í stað hreppstjórans til þess að framfylgja lögnum.